

Sveitarfélagið Árborg  
b/t Bárður Guðmundsson  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Reykjavík 1. apríl 2019  
UST201903-231/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Landsspilda milli Jaðars og Hrefnutanga - Árborg**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði á landsspildu milli Jaðars og Hrefnutanga á Selfossi.

Í lýsingu kemur fram að í fyrirhugaðri deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir 10 raðhúsum, tveimur 3ja húsa lengjum neðst á svæðinu með aðkomu frá Ártúni og fjórum húsum ofan við klettabeltið með aðkomu frá nýjum vegi út frá Ártúni. Einnig kemur fram að húsin eru öll einnar hæðar og nýtingarhlutfall er 0,23.

#### **Göngustígur**

Umhverfisstofnun bendir mikilvægi þess að tillagan geri ráð fyrir göngustíg meðfram Ölfusá í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins og séð til þess að það sé nægt rými fyrir meðfram ánni, svo að útvistargildi skerðist ekki.

#### **Ásýnd**


Í lýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum aðkomuvegi sem mun fara um óraskað svæði gróðurs, runna og tjáa og fjórum húsum fyrir ofan klettabeltið. Samkvæmt sniðmynd gerir tillagan ráð fyrir að taka um two metra ofan af klettinum. Umhverfisstofnun telur að með lagningu vegar að klettabeltinu og byggingu húsa á klettabeltinu mun tillagan skerða ásýnd svæðisins, hafi neikvæð áhrif á útvistargildi svæðisins og neikvæði áhrif á náttúrufar.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfallst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur